

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/8/67

frá 2. desember 2008

um eyðublað fyrir skýrslur um stórslys samkvæmt tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna

(tilkynnt með númeri C(2008) 7530)

(2009/10/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 2) Upplýsingarnar, sem krafist er skv. 2. mgr. 15. gr., skulu lagðar fram á skýrslueyðublaði sem gefið er út og endurskoðað að staðaldri í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 22. gr. tilskipunarinnar.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 15 gr.,

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar, sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með 22 gr. þeirrar tilskipunar,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 14. gr. tilskipunar 96/82/EB skulu aðildarríkin tryggja að jafnskjótt og unnt er eftir að stórslys hefur orðið sé rekstraraðila skylt að láta lögbær yfirvöld vita. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni jafnskjótt og auðið er um stórslys sem falla að viðmiðunaratriðunum í VI. viðauka og orðið hafa á yfirráðasvæði þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin, þegar upplýsingunum, sem kveðið er á um í 14. gr., hefur verið safnað, tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um niðurstöður greiningar sinnar á slysinu ásamt tilmælum um forvarnarráðstafanir í framtíðinni.

Vegna beitingar 2. mgr. 15. gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna er eyðublaðið fyrir skýrslur um stórslys, sem birt er í viðaukanum við þessa ákvörðun, samþykkt hér með.

2. gr.

Frá og með 1. desember 2008 skulu aðildarríkin leggja fram skýrslur með upplýsingum í samræmi við viðaukann og nota til þess skrána og upplýsingakerfið skv. 2. mgr. 19. gr. tilskipunar 96/82/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 6, 10.1.2009, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 24.1.2013, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.

3. gr.

Eyðublaðið fyrir skýrslur um stórslys, sem birt er í viðaukanum, skal tekið endanlega í notkun að loknu fimm mánaða reynslutímabili sem hefst 1. desember 2008.

4. gr.

Leiði reynslutímabilið í ljós að breyta þurfi eyðublaðinu fyrir skýrslur um stórslys sem birt er í viðaukanum skal breyta þessari ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 22. gr. tilskipunarinnar.

5. gr.

Trúnaðarupplýsingar skal meðhöndla í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum ⁽¹⁾.

6. gr.

Skýrslur aðildarríkjanna skulu aðeins innihalda upplýsingar sem eru tiltækar lögbærum yfirvöldum.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

Upplýsingar sem veita skal í samræmi við 2. mgr. 15 gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB

(Þegar vísað er til skrárinnar og upplýsingakerfisins er um að ræða rafrænan gagnagrunn framkvæmdastjórnarinnar fyrir tilkynningakerfi um stórslys en hann er aðgengilegur á <http://mahbsrv.jrc.it>)

I. SLYSAYFIRLIT

1 UPPLÝSINGAR UM SLYSIÐ

Upplýsingar um staðsetningu, dagsetningu og tíma stórslyss, heiti og tegund starfsstöðvar og upplýsingar um skýrslugjafaryfirvaldið

1.1 Dagsetning/tími meiri háttar atviks

Upphafsdagur:

Upphafstími:

Lokadagur:

Lokatími:

1.2 Tilgreining slyss

Einföld setning til að útskýra hvað gerðist eða hvers vegna tilkynnt er um slysið

1.3 Skýrslugjafaryfirvald (trúnaðarmál (*))

Nafn og heimilisfang:

1.4 Tengiliður hjá viðkomandi yfirvaldi (trúnaðarmál (*))

Nafn:

Sími:

Bréfasími:

Tölvupóstur:

1.5 Tegund slyss

Veljið það sem við á:

☐ stórslys☐ atvik þar sem lá við slysi (e. near miss)☐ annar atburður

1.6 Tilkynnt samkvæmt

Veljið það sem við á:

☐ Seveso-tilskipun ESB☐ Seveso-tilskipun ESB☐ Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD)☐ Efnahagsnefnd SP fyrir Evrópu UN-ECE☐ Seveso-tilskipun ESB og Efnahags- og framfarastofnuninni☐ Seveso-tilskipun ESB og Efnahagsnefnd SP fyrir Evrópu

1.7 Seveso-staða

Veljið það sem við á:

- ☐ 6. gr. (tilkynning) og 7. gr. (áætlun um stórslysavarnir (e. Major Accident Prevention Policy (MAPP))
- ☐ 9. gr. (öryggisskýrsla)
- ☐ óþekkt/á ekki við

1.8 Atvinnustarfsemi

Upplýsingar um atvinnustarfsemi í stöðinni, (veljið af fyrirframskilgreindum lista í gagnagrunninum).

1.9 Upplýsingar um stöðina (trúnaðarmál (*))

Nafn:

Heimilisfang:

1.10 Ástæður tilkynningar

Veljið það sem við á:

- ☐ viðkomandi efni: meira en 5% af magninu sem er tilgreint í 3. dálki í I. viðauka
- ☐ meiðsli á fólki: eitt eða fleiri dauðsföll, sex eða fleiri slasaðir sem þarfnast sjúkrahússinnlagnar o.s.frv.
- ☐ beint umhverfistjón (skv. VI. viðauka)
- ☐ eignatjón: á athafnasvæði starfstöðvar ≥ 2 m EUR, utan athafnasvæðis starfsstöðvar $\geq 0,5$ m EUR
- ☐ tjón sem ná yfir landamæri: slys sem ná yfir landamæri
- ☐ atvik sem draga má lærdóm af

1.11 Nágrannalönd sem urðu fyrir áhrifum

Heiti nágrannalanda sem urðu fyrir áhrifum, ef einhver eru (veljið af fyrirframskilgreindum lista í gagnagrunninum).

II. SLYSASKÝRSLA

1 LÝSING Á SLYSI

Skýr og nákvæm lýsing á slysinu þar sem greint er frá tegund slyss, t.d. losun, bruni, sprenging o.s.frv., og útlitun á aðstæðum sem leiddu til slyssins, þ.m.t. almennar upplýsingar eins og tími dags, veður o.s.frv. og allar aðrar upplýsingar sem skipta máli. Einnig skal veita upplýsingar um hvað viðstaddir aðhöfðust (hvaða aðgerðir voru í gangi) og hvar þeir voru staðsettir með tilliti til slyssins.

1.1 Lýsing (frjáls texti)

1.2 Slys sem varða

Veljið það sem við á:

- ☐ keðjuverkun
- ☐ tæknislys vegna náttúruhamfara
- ☐ áhrif yfir landamæri
- ☐ verktaka

1.3 Hafði slysið í för með sér losun efna?

- ☐ Já (ef svarið er já skal veita nánari upplýsingar í lið 1.3.1)
- ☐ Nei (næst skal svara lið 1.4)

1.3.1 Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir

Upplýsingar um tegund losunar og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á):

- ☐ losun á gasi/gufu/úða/o.s.frv. í andrúmsloft
- ☐ losun á vökva í jörð
- ☐ losun á vökva í vatn
- ☐ losun á föstu efni í andrúmsloft
- ☐ losun á föstu efni í jörð
- ☐ losun á föstu efni í vatn
- ☐ óþekkt/á ekki við

1.4 Hafði slysið í för með sér bruna?

- ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 1.4.1)
- ☐ Nei (næst skal svara lið 1.5)

1.4.1 Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir

Upplýsingar um tegund brunans og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á):

- ☐ stórbruni (algjörlega umlykjandi eldur)
- ☐ vökvabruni (pollur með brennandi vökva, afmarkaður eða óafmarkaður)
- ☐ gaslogi (brennandi straumur vökva úr gati)
- ☐ blossaeldur (brennandi gufuský, hraði fremsta hluta logans er undir hljóðhraða)
- ☐ eldhnöttur (brennandi massi sem stígur til lofts, oft í kjölfar gufusprengingar frá sjóðandi vökva (e. *boiling liquid expanding vapour explosion* (BLEVE)))
- ☐ óþekkt/á ekki við

1.5	Hafði slysið í för með sér sprengingu?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 1.5.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 1.6)
1.5.1	Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir	Upplýsingar um tegund sprengingar og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á): ☐ þrýstisprenging (þrýstikerfi brestur) ☐ gufusprenging frá sjóðandi vökva (BLEVE) ☐ sprenging vegna hraðrar fasabreytingar (hröð breyting á ástandi) ☐ óðahvarfssprenging (e. <i>runaway reaction</i>) (oftast útvermið hvarf) ☐ ryksprenging ☐ sprengisundrun (e. <i>explosive decomposition</i>) (óstöðugs efnis) ☐ gufuskýssprenging (e. <i>vapour cloud explosion</i> (VCE)), höggbylgjan frá sprengingunni er hljóðfrá ☐ óþekkt/á ekki við
1.6	Tengdist slysið flutningum?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 1.6.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 1.7)
1.6.1	Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir	Upplýsingar um tegund flutninga, og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á): ☐ á vegum ☐ á járnbrautum ☐ á vatni (sjó, fljóti o.s.frv.) ☐ í lofti
1.7	Nánari upplýsingar sé um að ræða annars konar slys en getið er um hér að framan (frjáls texti)	

2 LÝSINGAR Á ATHAFNASVÆÐI OG STARFSSTÖÐ

Upplýsingar um svæðið þar sem slysið varð.

2.1	Lýsing á athafnasvæðinu Almenn lýsing á atvinnustarfseminni á athafnasvæðinu	
2.2	Lýsing á búnaði/einingum Sértækari upplýsingar um viðkomandi búnað, þ.m.t. nokkur útlistun á kerfi/kerfum eða íhlut/íhlutum	
2.3	Tengdist slysið geymslu?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 2.3.1 og 2.3.2) ☐ Nei (næst skal svara lið 2.4)

- 2.3.1 Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir
- Upplýsingar um tegund geymslu og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á):
- ☐ í tengslum við dreifingu (utan framleiðslustaðar)
 - ☐ í tengslum við vinnslu (birgðahald o.s.frv. á framleiðslustað)
- 2.3.2 Tegund búnaðar
- Upplýsingar um tegund búnaðarins sem bilaði (veljið það sem við á):
- ☐ ílát með umhverfisþrýstingi (trog, tankur, tunna, sekkur o.s.frv.)
 - ☐ ílát með yfirþrýstingi (kúla, hylki o.s.frv.)
 - ☐ ílát með öðru hitastigi en umhverfið (kælt eða hitað)
 - ☐ opið rými (laus stafli, hlaði o.s.frv.; e.t.v. í pokum eða hylkjum, ...)
 - ☐ annað
- 2.4 Tengdist slysið vinnsluferli?
- ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 2.4.1 og 2.4.2)
 - ☐ Nei (næst skal svara lið 2.5)
- 2.4.1 Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir
- Upplýsingar um tegund vinnsluferlis og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á):
- ☐ efnahvarf í lotuferli
 - ☐ efnahvarf í samfelldu ferli
 - ☐ rafefnafræðileg aðgerð
 - ☐ eðlisrænar aðgerðir (blöndun, bráðnun, kristöllun o.s.frv.)
 - ☐ orkuframleiðsla (brennsla eldsneytis o.s.frv.)
 - ☐ meðhöndlun/notkun til meðhöndlunar (daunun (e. *stenching*), rotvörn o.s.frv.)
 - ☐ förgun úrgangs (brennsla, urðun o.s.frv.)
 - ☐ varmaskiptir (ketill, kælikápur, hitald o.s.frv.)
 - ☐ annað
- 2.4.2 Tegund búnaðar
- Upplýsingar um tegund búnaðarins sem bilaði (veljið það sem við á):
- ☐ hvarfailát með umhverfisþrýstingi
 - ☐ hvarfailát með yfirþrýstingi
 - ☐ annað
- 2.5 Tengdist slysið tilfærslu (e. *transfer*)?
- ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 2.5.1 og 2.5.2)
 - ☐ Nei (næst skal svara lið 2.6)

- 2.5.1 Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir
- Upplýsingar um tegund tilfærslu og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á):
- ☐ ferming/afferming (flutningsumgjörðir (e. *transfer interfaces*))
 - ☐ aflræn tilfærsla (færibönd o.s.frv.)
 - ☐ tilfærsla með leiðslum/leiðslukerfum
 - ☐ flutningar með ökutækjum
 - ☐ annað
- 2.5.2 Tegund búnaðar
- Upplýsingar um tegund búnaðarins sem bilaði (veljið það sem við á):
- ☐ lokar/stjórnþæki/vöktunarbúnaður/tæmingarkranar
 - ☐ almenn leiðslukerfi/kragar
 - ☐ aflgjafi (vél (e. *engine*), þjappa o.s.frv.)
 - ☐ annar tilfærslubúnaður/tæki/ökutæki
 - ☐ annað
- 2.6 Tengdist slysið flutningum?
- ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 2.6.1 og 2.6.2)
 - ☐ Nei (næst skal svara lið 2.7)
- 2.6.1 Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir
- Upplýsingar um tegund flutninga og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á):
- ☐ pökkun (e. *bagging*) (í sekki, hylki, tunnur o.s.frv.)
 - ☐ annað
- 2.6.2 Tegund búnaðar
- Upplýsingar um tegund búnaðarins sem bilaði (veljið það sem við á):
- ☐ vélbúnaður/búnaður (dæla, sía, súluskilja, blöndunarvél o.s.frv.)
 - ☐ aflgjafi (vél, þjappa o.s.frv.)
 - ☐ annað
- 2.7 Nánari upplýsingar ef um aðra tegund búnaðar er að ræða en þær framangreindu (frjáls texti)
-

3 EFNIN SEM UM ER AÐ RÆÐA

Lýsing á efnunum sem um er að ræða í slysinu og hafa annaðhvort þegar verið tilkynnt eða eru tilkynningarskyld fyrir viðkomandi starfsstöð skv. 6. gr. og eru flokkuð skv. I. viðauka við tilskipunina. Tilgreina skal heiti, CAS-númer og áætlað magn mikilvægustu hættulegu efnanna, sem um er að ræða (eða hugsanlega um að ræða), og allar upplýsingar um eiginleika þeirra sem skipta máli, s.s. hvort um er að ræða vökva eða duft o.s.frv. og hvort þetta eru „hráefni“, „milliefni á framleiðslustað“, „eðlilegar, fullunnar vörur“ eða „vörur sem eru e.t.v. afbrigðilegar“.

- 3.1 Lýsing
- Upplýsingar um efnin, sem um er að ræða, og eiginleika þeirra

3.2	Flokkun efna	Tilgreining á flokkun efnisins eða efnanna. Veljið af fyrirframskilgreindum lista í gagnagrunninum sem byggist á 2. hluta I. viðauka við tilskipunina.
3.3	CAS-númer	
3.4	Magnið sem beinlínis er um að ræða (í tonnum)	
3.5	Magnið sem hugsanlega er um að ræða (í tonnum)	

4 ORSAKIR SLYSSINS

Gefa skal ítarlega lýsingu á eðli mistakanna (mannleg mistök, tæknibilun o.s.frv.), undirtegunð mistaka, inngripum, ólagi o.s.frv., og tilgreina hversu áreiðanleg orsakagreiningin er (bráðabirgðagreining, greining frumorsaka o.s.frv.). Einnig skal gera skýran greinarmun á milli beinna og óbeinna orsaka slyssins.

4.1	Lýsing (frjáls texti)	
4.2	Var orsökinn að einhverju leyti bilun í stöð eða búnaði?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 4.2.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 4.3)
4.2.1	Orsakavaldur	Upplýsingar um tegund bilunar í stöð eða búnaði (veljið það sem við á): ☐ bilun í kerfi/íláti/innlokunarþúnaði ☐ bilun/ólag í íhlut/vélþúnaði ☐ stjórn á vinnsluferli tapaðist ☐ tæring/málmþreyta ☐ bilun í mælitæki/stjórtæki/vöktunartæki ☐ óðahvarf ☐ óvænt hvarf/fasabreyting ☐ tálmun ☐ uppsöfnun stöðurafmagns ☐ annað

- 4.3 Var orsökinn að einhverju leyti mannleg mistök? ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 4.3.1)
☐ Nei (næst skal svara lið 4.4)
- 4.3.1 Orsakavaldur Upplýsingar um tegund mannglegra mistaka (veljið það sem við á):
☐ mistök stjórnanda
☐ heilsa stjórnanda (þ.m.t. lasleiki, víma, andlát o.s.frv.)
☐ vísitandi óhlýðni/vanræksla varðandi skyldustörf
☐ inngrip í illum tilgangi
☐ annað
- 4.4 Var orsökinn að einhverju leyti skipulagslegir annmarkar? ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 4.4.1)
☐ Nei (næst skal svara lið 4.5)
- 4.4.1 Orsakavaldur Upplýsingar um tegund skipulagslega annmarka
☐ (veljið það sem við á):
☐ ófullnægjandi stjórnskipulag
☐ viðhorfsvandamál stjórnenda
☐ skipulögð verkferli
☐ þjálfun/kennsla
☐ eftirlit
☐ starfsmannahald
☐ greining á vinnsluferli
☐ hönnun stöðvar/búnaðar/kerfis
☐ óvinsamlegt notendaumhverfi (tækja, kerfis o.s.frv.)
☐ framleiðsla/smiði
☐ uppsetning
☐ einangrun búnaðar/kerfis
☐ viðhald/viðgerðir
☐ þrófun/skoðun/skráning
☐ annað
- 4.5 Var orsökinn að einhverju leyti ytri þættir/bílanir? ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 4.5.1)
☐ Nei (næst skal svara lið 4.6)
- 4.5.1 Orsakavaldur Upplýsingar um tegund viðkomandi ytri þátta/bíla (veljið það sem við á):
☐ náttúruatburður (veður, hitastig, jarðskjálfti o.s.frv.)
☐ keðjuverkun frá öðru slysi
☐ flutningaslys
☐ högg frá hlut
☐ bilun í veitukerfi (fyrir rafmagn, gas, vatn, gufu, loft o.s.frv.)
☐ annmarkar á verndar- og öryggisráðstöfunum starfsstöðvarinnar

- 4.6 Ef um er að ræða annars konar orsakir en þær sem að framan greinir skal gera nánari grein fyrir þeim (frjáls texti)

--

5 AFLEIÐINGAR

Ítarleg lýsing á afleiðingum slyssins, þ.m.t. eins ítarlegar tölulegar upplýsingar og kostur er (X fjöldi slasaðra, Y% eyðing plönturíkis, Z km af menguðum ám o.s.frv.). Gera skal skýran greinarmun á áhrifum á athafnasvæði starfsstöðvar og utan athafnasvæðis starfsstöðvar.

- 5.1 Lýsing (frjáls texti)

--

- 5.2 Hafði slysið í för með sér tjón á fólki?

☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 5.2.1 og 5.2.3)

☐ Nei (næst skal svara lið 5.3)

- 5.2.1 Á athafnasvæði starfsstöðvar/utan athafnasvæðis starfsstöðvar Upplýsingar um hvar áhrifanna gætti (veljið það sem við á):

☐ á athafnasvæði starfsstöðvar

☐ utan athafnasvæðis starfsstöðvar

- 5.2.2 Tjón á fólki

Upplýsingar um tegund tjóns á fólki (veljið það sem við á):

☐ í hættu

☐ dauðsföll

☐ meiðsli

☐ annað

- 5.2.3 Umfang/áhrif sérhvers tjóns á fólki sem merkt er við (frjáls texti)

--

- 5.3 Hafði slysið í för með sér tjón á umhverfinu?

☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 5.3.1 og 5.3.3)

☐ Nei (næst skal svara lið 5.4)

- 5.3.1 Á athafnasvæði starfsstöðvar/utan athafnasvæðis starfsstöðvar Upplýsingar um hvar áhrifanna gætti (veljið það sem við á):

☐ á athafnasvæði starfsstöðvar

☐ utan athafnasvæðis starfsstöðvar

- 5.3.2 Umhverfismál
- Upplýsingar um tegund umhverfisáhrifa (veljið það sem við á):
- ☐ á landi: þéttbýlisskipulag
 - ☐ á landi: dreifbýlisskipulag
 - ☐ á landi: almenningsgarðar/sameiginleg svæði
 - ☐ á landi: graslendi/beitiland/engi
 - ☐ á landi: akurlendi/nyttjaplöntur/vínekrur/aldingarðar
 - ☐ á landi: skóglendi, að stærstum hluta eða algjörlega ræktað
 - ☐ á landi: skóglendi, að stærstum hluta eða algjörlega náttúrulegt
 - ☐ á landi: mýra-, heiða- eða hálendisgróður
 - ☐ á landi: fen/flói
 - ☐ ferskvatn: ferskvatnslón
 - ☐ ferskvatn: tjörn/stöðuvatn
 - ☐ ferskvatn: á/þverá
 - ☐ ferskvatn: fljót
 - ☐ strandlengja: sjávarfít/leira
 - ☐ strandlengja: sandur/sandöldur/sandöldudældir
 - ☐ strandlengja: malarfjara
 - ☐ strandlengja: grýtt strönd
 - ☐ undan ströndum: saltlón
 - ☐ undan ströndum: ármynni
 - ☐ undan ströndum: sjór/sjávarbotn
 - ☐ annað
- 5.3.3 Umfang/áhrif sérhverra umhverfisáhrifa sem merkt er við (frjáls texti)
-
- 5.4 Hafði slysið í för með sér eignatjón eða skemmdir á stöðinni?
- ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 5.4.1, 5.4.2. og 5.4.3)
 - ☐ Nei (næst skal svara lið 5.5)
- 5.4.1 Á athafnasvæði starfsstöðvar/utan athafnasvæðis starfsstöðvar
- Upplýsingar um hvar áhrifanna gætti (veljið það sem við á):
- ☐ á athafnasvæði starfsstöðvar (tap starfsstöðvar)
 - ☐ utan athafnasvæðis starfsstöðvar (samfélagslegur kostnaður)
- 5.4.2 Kostnaður
- Upplýsingar um tegund kostnaðar (veljið það sem við á):
- ☐ eignatjón
 - ☐ kostnaður vegna viðbragðs, hreinsistarfs og enduruppbyggingar
 - ☐ annað

- 5.4.3 Umfang/áhrif sérhvers kostnaðarliðar sem merkt er við (frjáls texti)
- 5.5 Hafði slysið í för með sér samfélagslega röskun? ☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 5.5.1, 5.5.2. og 5.5.3)
☐ Nei (næst skal svara lið 6)
- 5.5.1 Á athafnasvæði starfsstöðvar/utan athafnasvæðis starfsstöðvar Upplýsingar um hvar áhrifanna gætti (veljið það sem við á):
☐ á athafnasvæði starfsstöðvar
☐ utan athafnasvæðis starfsstöðvar
- 5.5.2 Röskun Upplýsingar um tegund mannvirkja sem urðu fyrir áhrifum (veljið það sem við á):
☐ nærliggjandi íbúðarhúsnæði, hótél
☐ nærliggjandi verksmiðjur, skrifstofur, smáverslanir
☐ skólar, sjúkrahús, stofnanir
☐ aðrir opinberir staðir
☐ veitukerfi (fyrir gas, vatn, rafmagn o.s.frv.)
☐ grunnvirki (fjarskipti, vegir, járnbrautir, vatnaleiðir, loftflutningar o.s.frv.)
☐ annað
- 5.5.3 Umfang/áhrif sérhverrar röskunar sem merkt er við (frjáls texti)

6 NEYÐARVIÐBRÖGÐ

Lýsing á þeim ráðstöfunum sem voru gerðar til að bregðast við slysinu að því er varðar: kerfi á athafnasvæði starfsstöðvar, utanaðkomandi þjónustu, skýli, rýmingu, afmengun, enduruppbyggingu og fleiri þætti. Einnig skal veita ítarlegar upplýsingar um umfang og tímalengd ráðstafana, sem voru gerðar eða fyrirhugaðar, og tilgreina nákvæmlega tegund þeirra og einnig skilvirkni þeirra. Gera skal skýran greinarmun á ráðstöðunum á athafnasvæði starfsstöðvar og utan athafnasvæðis starfsstöðvar. Einkum skal veita upplýsingar um eftirfarandi atriði ef þær liggja fyrir: fjölda og tegund björgunarfólks og hvort það hafi hæft aðstæðum og upplýsingar um nauðsyn/framkvæmd hvers konar heilbrigðiseftirlits eða umhverfissvöktunar eða sérstakra aðgerða til enduruppbyggingar og hreinsunar. Greina skal í 4. lið (Orsakir slyssins) frá þeim öryggiskerfum sem voru uppsett í stöðinni en komu ekki í veg fyrir slysið.

- 6.1 Lýsing (frjáls texti)
- 6.2.1 Neyðarráðstafanir Upplýsingar um tegund ráðstafana (veljið það sem við á):
☐ kerfi á athafnasvæði starfsstöðvar
☐ utanaðkomandi þjónusta utan athafnasvæðis starfsstöðvar
☐ neyðarskjól
☐ rýming
☐ annað

6.2.2 Umfang/áhrif sérhverrar neyðarráðstöfunar sem merkt er við (frjáls texti)

6.3.1 Ráðstafanir til úrbóta
Upplýsingar um tegund ráðstafana (veljið það sem við á):
☐ afmengun
☐ enduruppbygging
☐ annað

6.3.2 Umfang/áhrif sérhverrar ráðstöfunar til úrbóta sem merkt er við (frjáls texti)

7 LÆRDÓMAR

Lýsing á hagnýtum eða skipulagslegum lærdómum eða öðrum lærdómum um hvernig beri að fyrirbyggja slys eða draga úr afleiðingum slysa. Einnig skal veita ítarlegar upplýsingar um það í hverju lærdómarnir fólust og hvort einhverjum þáttum þeirra hafi þegar verið hrint í framkvæmd eða verði hrint í framkvæmd síðar.

7.1 Lærdómssvið
Upplýsingar um viðkomandi lærdómssvið (veljið það sem við á):
☐ orsakir — stöð/búnaður
☐ orsakir — mannlegar
☐ orsakir — skipulagslegar
☐ orsakir — utanaðkomandi
☐ neyðarviðbrögð
☐ annað

7.2 Lýsing (frjáls texti)

8 VIÐHENGI

Þessi liður er frátekin fyrir viðhengd gögn, s.s. skýrslur, myndir/ljósmyndir, kort o.s.frv., í þeim tilgangi að veita fleiri upplýsingar sem gera má aðgengilegar öllum og gætu hjálpað til að útskýra hvað gerðist í slysinu.

Viðhengdar skrár: skráarnafn, -stærð og -lýsing.

8.1 Skráarlýsing (frjáls texti)

9 TRÚNAÐARMÁL (*)

Liður þessi er fyrir trúnaðarskýrslur og aðrar upplýsingar sem ekki má gera opinberar, í samræmi við 20. gr. Seveso-II-tilskipunarinnar (um trúnaðarupplýsingar) og tilskipun 2003/4/ESB um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál.

Inniheldur viðhengda skrá: skráarnafn, -stærð og -lýsing.

9.1 Lýsing (frjáls texti)

9.2 Skráarlýsing (frjáls texti)

(*) Færa skal rök fyrir þessari flokkun.
